

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 4. apríl 2003

Dagskrá aðalfundar er skv 9. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins gerir grein fyrir störfum félagsins.
2. Félagsstjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Lagabreytingar.
4. Umræður um álit nefnda og afgreiðslu mála.
5. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
6. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
7. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í húsi Menningar- og fræðslusambands alþýðu 12. apríl 2002. Á fundinum gaf formaður félagsins kost á sér til endurkjörs auk þriggja stjórnarmeðlima og eins varamanns. Einn fræðslunefndarmaður gaf kost á sér áfram.

Stjórn FNS var þannig skipuð s.l. starfsár:

Svandís Ingimundar, Tækniháskóla Íslands, gaf kost á sér til endurkjörs formanns FNS.

Hrönn Baldursdóttir, Fellaskóla,

Inga Þóra Ingadóttir, Iðnskólanum í Hafnarfirði,

María Dóra Björnsdóttir, Háskóla Íslands.

Ragnheiður Bóasdóttir, Fjölbrautaskólanum við Ármúla,

Guðrún Snorradóttir í Lindaskóla gaf kost á sér til endurkjörs í varastjórn og að auki var Arnar Þorsteinsson kosinn til varastjórnar.

Í fræðslunefnd gaf Magnea Ingólfssdóttir í Menntaskólanum í Kópavogi kost á sér áfram og auk hennar komu nýjar inn þær Guðrún Kristinsdóttir í Ártússkóla og Fjóla María Lárusdóttir hjá MFA.

Endurskoðendur voru kosnir Bjarni Guðlaugsson og Björg Birgisdóttir og Guðmundur Páll Ásgeirsson til vara.

Úr stjórn gekk Helga Valtýsdóttir og úr varastjórn Ólöf Pálína Úlfarsdóttir. Úr fræðslunefnd gengu þær Helga Eysteinsdóttir á Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar og Sigurjóna Jónsdóttir í Iðnskólanum í Reykjavík. Stjórn FNS þakkar þeim kærlega fyrir vel unnið og óeigingjarnt starf í þágu félagsmanna.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt; Ragnheiður Bóasdóttir, varaformaður, María Dóra Björnsdóttir, gjaldkeri, Hrönn Baldursdóttir, ritari og Inga Þóra Ingadóttir meðstjórnandi. Stjórnin hélt 11 stjórnarfundir á liðnu starfsári auk þess sem einstaka meðlimir stjórnar og fræðslunefndir funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi verkefni. Fræðslunefnd var boðuð á alla stjórnarfundir og varastjórn hvött til að sækja þá einnig. Gestir sem boðaðir voru á stjórnarfundum voru Anna Sigurðardóttir, norrænn tengiliður FNS, Hrafnhildur Tómasdóttir v/viku símenntunar, Anna Kristín Halldórsdóttir, v/heimasíðu FNS, og Salbjörg Bjarnadóttir v/sjálfsvígsvarnarteymis Landlæknisembættisins.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:

- Heildarendurskoðun laga FNS. Tillögur stjórnar lagðar fyrir aðalfund 2003 (starfshópur)
- Siðaviðmið fyrir náms- og starfsráðgjafa (starfshópur)
- Eftirfylgd og ítrekun fyrri beiðni til menntamálaráðuneytis um lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa
- Eftirfylgd og ítrekun endurskoðunar reglugerðar nr. 5/2001 um starfslið framhaldsskóla sem kveður á um kennslureynslu/-réttindi náms- og starfsráðgjafa á framhaldsskólastigi
- Starfslýsing náms- og starfsráðgjafa (starfshópur)
- Félagatal og félagsaðild FNS tekin til endurskoðunar (starfshópur)
- Fjárreiður og félagsgjöld FNS
- Kjara- og hagsmunamál (fulltrúar)
- Samræmt skráningarkerfi fyrir náms- og starfsráðgjafa (starfshópur)
- Vika símenntunar (starfshópur)
- Málefni lesblindra og Lestrarmiðstöðvar KHÍ
- Sérkennslumálefni framhaldsskólans
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
- Endurskoðun heimasíðu FNS
- Þátttaka í ráðstefnu um lýðræðisleg gildi í skólastarfi
- Deild innan FNS stofnuð á Norðurlandi
- Norrænt samstarf
- Styrkir til FNS
- Veiting umsagna til menntamálaráðuneytisins vegna styrkbeiðna til útgáfu námsefnis í lífsleikni á framhaldsskólastigi

Félagsmenn FNS hafa brugðist vel við beiðnum stjórnar um þátttöku í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins og skemmst er að greina frá góðu gengi fulltrúa okkar þegar síðast var kosið (og tilnefnt) í stjórn og nefndir innan KÍ.

Guðrún Snorradóttir, Lindaskóla, situr í stjórn FG

Björg Kristjánsdóttir, í skólamálanefnd FF

Lena Rist, Borgaskóla, í skólamálanefnd FG

Ragnheiður Bóasdóttir, FÁ, í kjaranefnd FF

Sigríður Bílddal, Holtaskóla, sat í námsefnisnefnd FF

Sigrún Ágústsdóttir, Réttarholtsskóla, í samninganefnd FG

Toby Herman, MR, í sjúkrasjóði KÍ

Valborg Baldvinsdóttir, Snælandsskóla, í uppstillingarnefnd KÍ

Að auki eigum við fulltrúa í nefnd Landlæknisembættisins um varnir gegn sjálfsvígum:

Ágústu E. Ingbórsdóttir, Borgarholtsskóla en hún tók við af Ólöfu Helgu Þór.

Í samráðshópi Menntar, FNS og Evrópumíðstöðvar í náms- og starfsráðgjöf um rafræna ráðgjöf og miðstöð ráðgjafar í náms- og starfsráðgjöf fyrir almenning er:

Hrafnhildur Tómasdóttir, Mentor.

Fulltrúar FNS í Norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa eru:

Anna Sigurðardóttir, Kennaraháskóla Íslands og

Guðrún Stefánsdóttir, Menntaskólanum á Ísafirði

og er skýrsla þeirra um norrænt samstarf hluti ársskýrslu FNS.

Hér á eftir verður fjallað um hvert efni fyrir sig og þá vinnuhópa eða einstaklinga sem störfuðu að þessum viðfangsefnum og fleirum. Aldrei verður hægt að gera öllu starfi tæmandi skil en það er von formanns að engu verði ofaukið né neitt undanskilið af öflugu starfi í Félagi náms- og starfsráðgjafa á liðnu starfsári.

Heildarendurskoðun laga FNS – starfshópur

Starfshópur stjórnar FNS, skipaður þeim Svandísi Ingimundar, formanni, Ragnheiði Bóasdóttur, varaformanni og Maríu Dóru Björnsdóttur, gjaldkera sá um endurskoðun laga FNS og leggur fram tillögu þess efnis ásamt greinargerðum fyrir aðalfund 2003 (fskj.1). Ástæða þótti til að fara ofan í saumana á lögum félagsins í heild sinni í þeim tilgangi m.a. að undirstrika meginhlutverk þess og markmið og leiðir til að vinna að settum markmiðum. Þá var félagsaðild einnig endurskoðuð í takt við nýjar áherslur um nauðsyn menntunar og lögverndunar. Skerpt var á ýmsum atriðum er varða aðalfundarfyrirkomulag, stjórnarskipan, verkefni fræðslunefndar o.fl. sem nauðsyn þótti til að færa í skilmerkilegra horf. Starfshópnum eru færðar þakkir fyrir störf sín.

Siðaviðmið/siðareglur náms- og starfsráðgjafa – starfshópur

Greinargerð nefndar um siðareglur fyrir náms- og starfsráðgjafa.

„Starfsárið 2002-2003 vann nefnd á vegum stjórnar FNS að hugmyndum um siðareglur fyrir náms- og starfsráðgjafa. Í nefndinni sátu Toby S. Herman, Jónína Kárdal og Arnar Þorsteinsson. Starf nefndarinnar fólst í því að fara yfir þau gögn sem fyrir liggja eftir umræðu og vinnu síðustu ára í þessum málaflokki með það að markmiði að vinna að siðaviðmiðum eða reglum fyrir stéttina.

Að fengnu álitum fulltrúa Siðfræðistofnunar Háskólans, Salvarar Nordal er það mat nefndarinnar að markvissari umræða þurfi að fara fram áður en sérstök siðaviðmið eða siðareglur líta dagsins ljós. Því er það tillaga nefndarinnar að skipulagðar verði málstofur þar sem félagsmenn fá tækifæri til að ræða einstaka þætti siðferðilegra álitamála í starfi með hliðsjón af drögum að siðaviðmiðum fyrir stéttina sem unnin hafa verið og alþjóðareglum IAEEVG en þær hafa verið þýddar af framsýnum félagsmönnum. Til stendur að þessar alþjóðareglur verði aðgengilegar á heimasíðu félagsins innan tíðar. Þannig er það von okkar að siðareglur mótist í gegnum umræðu okkar og reynslu í samvinnu við sérfróða aðila á borð við Siðfræðistofnun sem lýst hefur sig reiðubúna til samstarfs og ráðgjafar. Sú nefnd sem nú skilar af sér er tilbúin til að leiða og skipuleggja þá vinnu.

Reykjavík 25. mars 2003

Arnar Þorsteinsson, Jónína Kárdal, Toby S. Herman”

Stjórn FNS þakkar þeim Arnari, Jónínu og Toby, kærlega fyrir gott starf að þessu mikilvæga málefni FNS og lýsir jafnframt yfir ánægju með það framhald sem þau leggja til varðandi frekari vinnu að siðaviðmiðum/-reglum félagsins. Stjórninni þykir sérstaklega mikilvægt að flana ekki að neinu í þessum efnum heldur taka þann tíma sem nauðsyn krefur í þessa vinnu svo allir félagsmenn geti að lokum fallist á að vinna samkvæmt þeim tillögum sem niðurstaða verður um.

Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa og breyting á reglugerð - fulltrúar

Á aðalfundi FNS 20. apríl 2001 var samþykkt bréf frá FNS til menntamálaráðherra er fól í sér tvö erindi: 1. Breytingu á reglugerð nr.5/2001 og 2. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa Svandís Ingimundar, form. FNS og Toby Herman, námsráðgjafi í MR, héldu áfram að fylgja eftir þessum erindum FNS s.l. starfsár. Fundur fékkst loks hjá nýjum menntamálaráðherra, Tómasi Inga Orlích, og Karli Kristjánssyni deildarstjóra framhaldsskóladeildar, 17. desember 2002. Á þeim fundi var upplýst að breytingar á reglugerð nr.5/2001, í þá veru sem FNS óskaði, væri að vænta á samstarfsnefndarfundi KÍ og ráðuneytis í janúar s.l. Til þess fundar hefur því miður ekki verið boðað enn en málefnið virðist á leið í höfn, engu að síður. Toby Herman verður kölluð til þess fundar. Á þessum fundi kom jafnframt í ljós að menntamálaráðuneytið hefur frá fyrsta degi rangtúlkað erindi stjórnar FNS hvað varðar lögverndun og taldi að beiðni um lögverndun starfs, ekki starfsheitis, væri að ræða. Svandís og Toby ítrekuðu bréfið frá 2001 með öðru bréfi (fylgiskj. 2) dagsettu 20. desember 2002 og hvöttu menntamálaráðherra til að taka af skarið og mæla fyrir lögverndun starfs náms- og starfsráðgjafa. Af því varð ekki á þessu þingi en baráttan heldur áfram. Í október s.l. funduðu Svandís, Toby og Guðbjörg Vilhjálmstöttir með tveimur þingmönnum úr menntamálanefnd Alþingis og kynntum þeim málstað FNS með það í huga að fá einstaka þingmenn til að fylgja honum eftir á Alþingi. Fengu þær góðar undirtektir og munu fleiri þingmenn heimsóttir við tækifæri.

Almenn starfslýsing náms- og starfsráðgjafa – starfshópur

Starfshópur á vegum stjórnar FNS tók að sér gerð almennrar starfslýsingar fyrir náms- og starfsráðgjafa á liðnu starfsári. Nefndina sátu Arnfríður Ólafsdóttir, f.h. háskólastigsins, Inga Þóra Ingadóttir, f.h. framhaldsskólastigsins, Lena Rist, f.h. grunnskólastigsins og Ólafur Finnbogason f.h. atvinnulífsins. Nefndin fundaði þrisvar sinnum og sendi tillögur sín á milli á netinu. Tillagan liggur fyrir ásamt greinargerð (fylgiskj. 3) og verður lögð undir atkvæðagreiðslu félagsmanna á aðalfundi FNS 4. apríl 2003.

Meginmarkmið með gerð tillögu að almennri starfslýsingu fyrir náms- og starfsráðgjafa er að auðvelda þeim að mynda ramma utan um störf sín. Við gerð starfslýsingarinnar var stuðst við ýmis gögn, s.s. starfslýsingar frá náms- og starfsráðgjöfum, reglugerðir sem og skýrslu nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar frá árinu 1998. Reynt var að einangra það sem virtist sameiginlegt með þeim gögnum sem höfð voru til hliðsjónar og samræma lýsinguna störfum náms- og starfsráðgjafa. Lögð er áhersla á að náms- og starfsráðgjafar nýti sér starfslýsinguna sem nokkurs konar viðmiðunarramma að gerð eigin starfslýsinga, aðlagi og betrumbæti eins og hentar hverjum ráðgjafa og starfsaðstæðum.

Þrátt fyrir sameiginleg markmið, sérmenntun og starfsheiti er margt sem greinir að störf náms- og starfsráðgjafa tengt eðli vinnustaðarins t.d. Sem dæmi um það sem til viðbótar starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa í skólakerfinu getur komið er:

1. Móttaka nýnema
2. Samstarf heimilis og skóla.

Einnig gæti eftirfarandi liður bæst við starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa í atvinnulífinu:

1. Aðstoð við atvinnuleit

Stjórn FNS þakkar starfshópnum kærlega fyrir vel unnið starf að löngu tímabæru verkefni fyrir félagsmenn.

Félagsaðild að FNS - starfshópur

Félagsaðild að FNS er skv. núverandi lögum möguleg nánast hverjum sem er, óháð menntun og starfsvettvangi. Stjórn FNS þykir ástæða til að afmarka og skilgreina betur félagsaðild í tillögum stjórnar til lagabreytinga auk þess að setja umsókn um aðild að félaginu í formlegri farveg en áður hafði verið. Settur var á fót starfshópur sem hafði það verkefni að útbúa formlegt umsóknareyðublað auk þess að tilgreina hvað í félagsaðild fælist, veita upplýsingar um félagsgjöld o.fl. (sjá fylgiskjal nr. 4) Starfshópurinn skipuðu þau Arnar Þorsteinsson, Helga Valtýsdóttir, María Dóra Björnsdóttir og Sigríður Bílddal og er þeim þakkað kærlega fyrir vel unnið verk.

Undanfarin ár hefur Sigríður Bílddal haldið utan um og uppfært reglulega félagatal og netfangalista FNS. Í vetur var þessu fyrirkomulagi breytt og sér nú gjaldkeri félagsins um þetta hvort tveggja. Var þessi breyting gerð til hagræðingar í tengslum við innheimtu félagsgjalda og almenna yfirsýn varðandi breytingar á félagsaðild. Þakkar stjórnin Sigríði kærlega fyrir þá miklu vinnu sem hún hefur lagt félaginu til.

Fjárreiður og félagsgjöld

Hagnaður FNS á árinu 2002 var kr. 408.573 og peningaleg staða í árslok sama ár var kr. 781.366 (sjá rekstraryfirlit með ársskýslu þessari). Þessi góða fjárhagsstaða félagsins á áramótum er tilkomin vegna fimm styrkja sem félaginu hlotnuðust á árinu 2002. Við innheimtu síðustu félagsgjalda FNS nú í vetur var tekin sú ákvörðun að fella niður eldri skuldir frá árunum 1999 og 2000, en innheimta félagsgjöld fyrir árið 2002 og útistandandi skuldir fyrir árið 2001. Í framhaldi af útsendingu greiðsluseðla voru nokkrir einstaklingar sem sögðu sig úr félaginu. Þeirra félagsgjöld voru einnig felld niður. Alls voru því felld niður 138 félagsgjöld frá árunum 1999-2002 samanlagt að upphæð kr. 211.458 að meðtöldum kostnaði. Við lokun reikninga félagsins þann 13. mars s.l. höfðu alls 154 félagsmenn greitt félagsgjöld að upphæð kr. 265.143 og eru það virkir félagsmenn. Á sama tíma höfðu 66 félagsmenn ekki greitt félagsgjöld að upphæð kr. 178.059 og kallast þeir óvirkir félagsmenn. Í framtíðinni mun félagsmaður sem ekki greiðir félagsgjöld tvö ár í röð detta út af félagaskrá og netfangalista félagsins ef tillögur stjórnar um lagabreytingar ná fram að ganga.

Stjórnin leggur á aðalfundi fram þá tillögu að félagsgjöld verði frá og með þessu almanaksári greidd fyrirfram, en ekki eftir á eins og verið hefur, að félagsgjöld verði innheimt með boðgreiðslum VISA/EURO og að nýjir félagar verði ekki virkir félagsmenn fyrr en þeir hafa staðfest beiðni um félagsaðild með greiðslu félagsgjalda. eru þessar breytingar gerðar til hagræðingar við árlegt uppgjör á reikningum félagsins og til að tryggja rekstrargrundvöll þess.

Kjara- og hagsmunamál – fulltrúar

Kjarasamningar náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum verða lausir á næsta ári og eru fulltrúar FNS kjaranefndum í FG og FF teknir til starfa. Sigrún Ágústsdóttir, Réttarholtsskóla, kom inn í samninganefnd FG 2002 og er þar aðalmaður. Guðrún Snorradóttir tók sæti í stjórn FG í mars 2002 og stjórnarsetu fylgir sjálfkrafa seta í samninganefnd. Frá þeim tíma hefur aðalmálefnið verið mat á kjarasamningum. Gerð var könnun meðal trúnaðarmanna og skólastjóra og síðan er í undirbúningi að senda út rafræna könnun til allra félagsmanna þar sem kannaður verður hugur þeirra til næstu samninga. Eins og vænta má snýst umræðan að mjög miklu leyti um málefni sem ekki snerta námsráðgjafa beinlínis, þ.e. hina nýju og mjög svo breyttu vinnutímaskilgreiningu kennara. Undirbúningur fyrir kröfugerð er ekki hafinn en mun taka mið af niðurstöðum skoðanakönnunar.

Ragnheiður Bóasdóttir í FÁ er fulltrúi FNS í kjaranefnd FF. Sigríður Bílddal (áður í FS en nú í Holtaskóla í Keflavík) kom einnig að gerð síðustu samninga fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Hún hefur nú skipt um skólastig en mun engu að síður vera til ráðgjafar er kemur að málefnum ráðgjafa í FF.

Lögð var áhersla á eftirfarandi þætti í síðustu kjarasamningum og verður þeim einnig haldið vel á lofti í þeim næstu:

1. Námsráðgjafar grunnraðist í launaflokka á eigin forsendum, með sérstaka launaflokkaröðun.
2. Fullt starf námsráðgjafa miðast við 300 nemendur. Ef nemendafjöldi fer yfir 300 komi til sérstakar álagsgreiðslur.
3. Fastar yfirvinnugreiðslur komi vegna ófyrirséðrar vinnu.
4. Námsráðgjafar eigi rétt á handleiðslu a.m.k. eina klst. hálfsmánaðarlega.
5. Að auki mun vinnutímaskilgreiningin verða skoðuð og þá sérstaklega m.t.t. aukins orlofs eftir aldri.

Náms- og starfsráðgjafar eru um margt mjög vel settir hvað varðar aðkomu félagsmanna að gerð næstu kjarasamninga og þökkum við okkar fulltrúum í þessum mikilvægu verkefnum kærlega fyrir þeirra þátt og munum standa þétt við bakið á þeim þegar á hólminn kemur.

Félag grunnskólakennara

Á þingi Kennarasambands Íslands í mars árið 2002 tók Guðrún Snorradóttir, námsráðgjafi í Lindaskóla, sæti í stjórn FG. Fundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði með stjórninni en heldur sjaldnar með samninganefnd en stjórnarmeðlimir eru sjálfkrafa í þeirri nefnd líka. Auk þessa eru einu sinni á ári ársfundur þau ár sem ekki eru KÍ-þing. Tvisvar á ári eru samráðsfundir þar sem formenn allra svæðafélaga á landinu hittast og bera saman bækur sínar. Helstu verkefni stjórnar og samninganefndar um þessar mundir er að undirbúa gerð næstu kjarasamninga og fyrsta skrefið er að útbúa rafræna könnun sem lögð verður fyrir í vor í öllum grunnskólum landsins þar sem kanna á hug félagsmanna til næstu samninga. Í framhaldi af stjórnarsetu í FG hefur Guðrún tekið sæti í Ráðgjafarnefnd um þróunarsjóð grunnskóla sem er á vegum menntamálaráðuneytisins og í starfshópnum Náum áttum, sem starfar á vegum Áfengis- og vímuvarnarráðs. Það er hagar okkar í FNS að eiga sem flesta fulltrúa í ráðum og nefndum innan FG sem og í öðrum störfum sem snúa að skóla- og uppeldismálum. Raddir náms- og starfsráðgjafa skipta þar verulegu máli. Félagsmönnum FNS er velkomið að koma með ábendingar eða fyrirspurnir til Guðrúnar inn á netfang hennar.

Stjórn FNS þakkar Guðrúnu kærlega fyrir mikið og gott starf innan stjórnar FG og í nefndastörfum hennar sem um leið undirstrikar mikilvægi fagstéttar okkar innan skólakerfisins.

Skólamálanefnd FG

Í skólamálanefnd Félags grunnskólakennara situr Lena M. Rist, námsráðgjafi í Borgaskóla. Skólamálanefnd er hluti af skólamálaráði K.Í. og er hlutverk hennar að fjalla um fagleg málefni og skólamál. Í því felst m.a. að:

- stuðla að framförum í uppeldis- og kennslumálum,
- standa vörð um velferð barna og unglunga og auka skilning á þörfum þeirra
- fylgjast með nýjungum í skólumálum og stuðla að framförum í skólustarfi

Meðal málefna sem hafa komið til umfjöllunar nýverið eru: stytting námsstíma til stúdentsprófs, tengsl milli skólastiga / tengsl milli skóla og atvinnulífs (efni sem 4. apríl er til umfjöllunar á ársfundi skólamálaráðs FG), meðferðarmál barna og unglunga með geðræn vandamál, agamál í skólum og nýtt útlit þ.e. rafrænt form samræmdra prófa. Skólamálanefnd er skipuð 7 mönnum og kosin á aðalfundi KÍ til tveggja ára. Færir stjórn Lenu bestu þakkir fyrir hennar störf.

Skólamálanefnd FF

Í skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara situr Björg Kristjánsdóttir, námsráðgjafi í MH. Hún kom inn sem varamanneskja en sú breyting varð á í haust að samþykkt var að formaður boðaði alltaf alla til fundar. Fundir eru haldnir á þriggja vikna fresti. Hlutverk skólamálanefnda er :

- að fjalla um fagleg málefni og skólamál
- að vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna
- að annast tengsl við fagfélög og sambærilegar nefndir annarra uppeldisstétta.

Tvö stór mál hafa verið í uppsiglingu í menntamálaráðuneytinu. Stytting náms til stúdentsprófs og reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa.

Það er einkum það síðastnefnda sem tíðrætt hefur verið um á síðustu fundum og hefur Elna Katrín Jónsdóttir formaður FF tekið saman greinagerð um umfjöllun samtaka kennara og annarra um stúdentspróf til birtingar á vef Kennarasambands Íslands. Fram kemur að Félag framhaldsskólakennara hefur fjallað um málið á öllum stigum. Í skólastefnu framhaldsskóla er áhersla lögð á nauðsyn þess að nemendur (einnig þeir sem stunda nám í öldungadeild framhaldsskólanna) eigi kost á náms- og starfsráðgjöf í framhaldsskólum og þar séu starfandi menntaðir náms- og starfsráðgjafar. Færir stjórn Björgu bestu þakkir fyrir hennar störf.

Uppstillingarnefnd FG

Valborg Baldvinsdóttir, námsráðgjafi í Snælandsskóla, hefur verið í uppstillingarnefnd fyrir FG sl. 4-5 ár frá stofnun sameinaðs Kennarasambands Íslands 1999. Það vantaði marga í ýmiss störf hjá FG og leitaði Valborg m.a. eftir félagsmönnum úr okkar röðum, með aðstoð formanns, til að gefa kost á sér. Það tókst vonum frammar og þeir námsráðgjafar, sem voru tilbúnir til að vinna fyrir FG, lentu allir í einhverjum nefndastörfum eins og fyrr hefur komið fram í þessari ársskýrslu og þ.m.t. einn í stjórn FG. Þetta er góður árangur fyrir okkar félag og nú þegar kjarasamningar eru lausir eftir ár, væri gott að fleiri úr félagi námsráðgjafa gæfu kost á sér í hin ýmsu störf í öllum félögunum þ. e. FG, FF og KÍ. Valborgu þakkar stjórn kærlega fyrir skelegg störf í þágu félagsins.

Sjúkrasjóður KÍ

Sjúkrasjóður Kennarasambands Íslands var stofnaður á stofnþingi þess 11. - 13. nóvember 1999. Vinnuveitendur greiða í sjóðinn framlag sem nemur 0,3% af heildarlaunum sjóðsfélaga. Byrjað var að greiða í sjóðinn frá og með janúarlaunum 2001 og öðlast félagsmenn rétt til úthlutunar eftir sex mánaða iðgjaldagreiðslur. Toby Herman, námsráðgjafi í MR, er fulltrúi í sjúkrasjóðnum og átti þar frumkvæði að nýjum lið er kemur náms- og starfsráðgjöfum sérstaklega vel. Í nýjustu úthlutunarreglum kemur fram í 3. gr. # 3 að sjóðfélagar fá styrk vegna faghandleiðslu hjá viðurkenndum handleiðurum. Greiddar eru 3.000 kr. í allt að 10 skipti á hverju 12 mánaða tímabili miðað við hálftr starf eða meira. Styrkur til sjóðfélaga í minna en hálfu starfi nemur helmingi framangreindrar

fjárhæðar. Er þetta mikill fengur fyrir náms- og starfsráðgjafar sem vinna oft á tíðum erfið mál. Má segja að vinnuveitandi eigi að greiða handleiðslu en ekki sjóðsfélagi sem gerir það, jú, óbeint gegnum sjóðinn en þetta er skref í rétta átt þar til að handleiðsla fæst í samninga stéttarinnar. Þakkar stjórn FNS Toby kærlega fyrir hennar störf og sérstaklega því að koma þessu mikilvæga ákvæða að í úthlutunarreglur sjúkrasjóðs KÍ.

Samræmt skráningarkerfi – starfshópur

Starfshópur sem Helga Valtýsdóttir, Víðistaðaskóla, Elín Einarsdóttir, Digranesskóla, Ragnheiður Bóasdóttir, FÁ, Rannveig Óladóttir, Skólaskrifstofu Seltjarnarness, Svandís Ingimundar THÍ og Toby Herman MR skipa, hefur tilraunakeyrt skráningarkerfi í vetur og unnið að þróun þess og beturbótum ásamt höfundum, þeim Elvari Þórðarsyni og Áspóri Ragnarsyni. Að grunni til er forritið byggt á forritinu Sérkennarinn. Þegar leið á veturinn komu í ljós hnókrar, eins og búist var við og hafa þeir verið sniðnir af jafnharðan. Mikil vinna og fundahöld hafa farið fram í vetur og sýnist sitt hverjum. Á vorönn hefur tíminn farið í vinnufundi við að samræma óskir og tillögur þannig að “Námsráðgjafinn”, sem er vinnuheiti forritsins, nýtist á öllum skólastigum og víðar. Ekki sér fyrir endann á þessari vinnu ennþá en vonir standa til þess að hægt verði að taka ákvörðun af eða á fyrir lok vorannar. Nú er beðið eftir nýrri útgáfu sem þarf að prófa áður en hægt er að gefa forritið út. Næsti vinnufundur hópsins með höfundum forritsins er í apríl. Sniða þarf forritið að okkar óskum svo það henti við skýrslugerð og almenna skráningu. Nái þær endurbætur fram að ganga sem starfshópurinn leggur til mun forritið kynnt félagsmönnum FNS og fulltrúum Fræðslumiðstöðvar, skólaskrifstofa o.fl aðilum í framhaldinu..

Vika símenntunar - starfshópur

Vika símenntunar, sem bar yfirskriftina Símenntun í atvinnulífinu, var sett á Hofsósi, sunnudaginn 8. september s.l. Félag náms- og starfsráðgjafa tók mjög virkan þátt í Viku símenntunar. Í starfshópi sem undirbjó þátttöku FNS voru Guðrún Snorradóttir, María Dóra Björnsdóttir, Ragnheiður Bóasdóttir, Helga Valtýsdóttir, Hrönn Baldursdóttir, Sigríður Birna Bragadóttir, Sölvína Konráðs og Hrafnhildur Tómasdóttir.

Miðvikudaginn 11. september var málþing Viku símenntunar haldið og bar yfirskriftina: *Símenntun í atvinnulífinu, hver er staðan - Hvert stefnir?* Hrafnhildur Tómasdóttir, náms- og starfsráðgjafi, hélt þar fyrirlestur á vegum FNS sem hún nefndi "Er náms- og starfsráðgjöf lykillinn að símenntun fyrir alla?". (fskj.5a) Kom hún víða við í erindi sínu og sagði m.a. frá viðamikilli könnun sem Evrópu-sambandið, OECD, Cedefop og Alþjóðabankinn stóðu fyrir á stöðu og stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf í mörgum löndum Evrópu (m.a. á Íslandi) í Asíu, Ástralíu og víðar. Er niðurstöðum hennar m.a. ætlað að vekja stjórnvöld og almenning til vitundar um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í þróun símenntunar. Tíundud voru markmið og mikilvægi náms- og starfsráðgjafar og farið yfir stöðuna hér á landi. Áhersla var lögð á eflingu náms- og starfsráðgjafar í tengslum við símenntun í atvinnulífinu og mikilvægi þess að koma á ráðgjafarmiðstöð sem opin yrði almenningi. Draumurinn um slíka ráðgjafarmiðstöð er ekki nýr af nálinni en mikið starf fór fram til undirbúnings slíkri miðstöð á vegum félagsins undir forystu Sigrúnar Ágústsdóttur og Huldu Önnu Arnljótsdóttur fyrir um 7 árum síðan. Þá er lagt til í nefndaráliti menntamálaráðuneytis frá árinu 1998 um eflingu náms- og starfsráðgjafar að komið verði á fót slíkri miðstöð náms- og starfsráðgjafar sem opin yrði almenningi og hefði það að markmiði að þjóna:

“...ungu fólki á krossgötum í námi og starfi sem kys að leita til utanaðkomandi hlutlausra aðila, sem og fólki á öllum aldri sem hefur hug á að skipta um starf og/eða afla sér framhalds og/eða endurmenntunar.” (bls.10)

Í erindinu ræddi Hrafnhildur einnig um stöðu og þróun rafrænnar ráðgjafar í Evrópu og mikilvægi faglegra vinnubragða í þeim efnum. Hrafnhildur hefur í kjölfarið tekið að sér að vinna með Mennt og Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf að þróun slíkrar ráðgjafar í tengslum við Upplýsingaveitu Menntar með styrk frá Starfsmenntaráði. Jafnframt mun settur á fót vinnuhópur náms- og starfsráðgjafa í þessu sambandi og sótt verður, sameiginlega, um rannsóknarstyrk til Rannís svo hleypa megi frekari vinnu af stokkunum.

Félag náms- og starfsráðgjafa kom á fót vísi að slíkri ráðgjafarmiðstöð á fræðsluhátíð Viku símenntunar í Smáralind laugardaginn 14. september s.l. og naut til þess styrkja frá menntamálaráðuneyti og fræðslu- og menningarsviði Kópavogsbæjar. Skemmt er frá því að segja að tilraunin tóks afar vel og augljóst að sú náms- og starfsráðgjöf sem gestum stóð til boða féll í góðan jarðveg. Fyrirkomulag á móttöku gesta var á þann veg að hluti þess rýmis sem FNS hafði til umráða var stúkaður af og gat fólk sest þar niður í næði og borið upp erindi sitt við náms- og starfsráðgjafa. Gestum var boðið að útfylla litla áhugasviðskönnun eða sérstakt eyðublað sem grundvallaði frekari umræður ef þurfa þótti. Fyrir framan gaf svo að líta glærुकyningu um náms- og starfsráðgjöf (fskj.5) auk þess sem kynningarefni lá frammi frá námsráðgjöfum á öllum skólastigum, starfslýsingar o.fl. Þá var nettengd tölva til staðar sem bauð upp á náms- og starfsleit á netinu. Nóg var að gera allan daginn hjá náms- og starfsráðgjöfum. Vel má draga þá ályktun af þessum degi að þörf almennings fyrir aðgengilega ráðgjöf af þessum toga, sem óháð væri námsstöðu og/eða atvinnuþátttöku einstaklingsins, er svo sannarlega fyrir hendi.

Stjórn félags náms- og starfsráðgjafa þakkar félagsmönnum sínum, sem komu að undirbúningi, skipulagningu og þátttöku í Viku símenntunar kærlega fyrir sitt framlag og á engan hallað þó Hrafnhildar sé þar sérstaklega getið. Þá vill stjórnin jafnframt þakka menntamálaráðuneyti og fræðslu- og menningarsviði Kópavogsbæjar góðan fjárstyrk sem gerði FNS kleift að koma að Viku símenntunar með jafn myndarlegum hætti og raun bar vitni.

Málefni lesblindra og Lestrarmiðstöðvar KHÍ

Starfsemi Lestrarmiðstöð KHÍ var hætt s.l. sumar og engin úrræði tóku við. Stjórn FNS ályktaði um málið og sendi bréf til að mótmæla þessari ráðstöfun til menntamálaráðherra með afriti til rektors Kennaraháskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, Skólamálaráðs og Kennarasambands Íslands (fskj. nr. 6). Ráðuneytið svaraði (fskj. 6) og gerði grein fyrir væntalegri könnun á málefnum nemenda með lesraskanir í grunn- og framhaldsskólum. Tillögur nefndarinnar hafa nú legið fyrir í ráðuneytinu frá því í október s.l. en nýverið var settur á laggirnar starfshópur sem móta á aðgerðaáætlun á grundvelli þeirra og skila þeim af sér á næstu dögum. Málefni þessara nemenda hafa verið án úrlausnar í allan vetur og verður ekki við slík vinnubrögð unað. Vonandi verða þær leiðir sem fyrrnefndur starfshópur leggur til bæði skilvirkar og framkvæmanlegar hvar sem er á landinu öllum þeim til hagsbóta sem á þurfa að halda. Stjórn FNS mun áfram fylgjast með þróun þessa mikilvæga verkefnis.

Þörfin fyrir sérkennara á framhaldsskólastigi er mikil og vaxandi. Fjármunir sem fara áttu í sérkennslumálefni innan framhaldsskólans virðast ekki hafa nýst sem skyldi. Inga Þóra Ingadóttir í stjórn FNS gerði könnun í vetur á stöðu sérkennslumála í framhaldsskólum. 12 framhaldsskólar svöruðu og eru sérkennarar starfandi í 7 þeirra og stöðuhlutfall þeirra frá ½ upp í 4. Hluti þeirra starfar í sérdeildum og þjónustar þá oft ekki aðra nemendur skólans. Það er skoðun stjórnarmanna að þeir nemendur þurfi ekki síður aukna aðstoð við að fóta sig í framhaldsskólunum og gæti það virkað sem förvörn gegn brottfalli fái nemendur betri námslegan stuðning en náms- og starfsráðgjafar hafa efni til að veita.

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd FNS skipa þær Guðrún Kristinsdóttir, Magnea Ingólfssdóttir og Fjóra María Lárusdóttir. Um starfssvið fræðslunefndar er getið í 13. grein laga félagsins, en þar segir:

“Fræðslunefnd skal skipuð þremur mönnum. Starfssvið hennar er að sjá um útgáfu fréttabréfs og vinna að fræðslumálum í samráði við stjórn félagsins.”

Fjóra María, hefur frá því í október verið í barneignarfrí en mun taka að nýju til óspilltra málanna með fræðslunefnd fljótlega.

Fræðslunefnd skipulagði haustnámsstefnu Félag náms- og starfsráðgjafa sem haldin var í Viðey 17. og 18. október 2002 í samstarfi við Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf. Bar hún heitið *Ráðgjöf og fjölmennig* og fjallaði um þau tiltölulega nýlegu verkefni náms- og starfsráðgjafa sem lúta að

ráðgjöf við innflytjendur (fskj. nr.7) Um 50 manns sóttu námsstefnuna og var jafnframt starfsfólki annarra fagstétta boðin þátttaka.

Eftirfarandi fræðslufundi hefur fræðslunefnd FNS skipulagt á liðnu starfsári:

27. september 2002 í húsakynnum fjölskyldumiðstöðvarinnar LAUSNAR í Reykjavík þar sem starfsfólk kynnti starfsemina. Var þarna flutt áhugavert efni og var fundurinn mjög vel sóttur. 13. nóvember 2002 heimsóttu náms- og starfsráðgjafar Salbjörgu Bjarnadóttur, geðhjúkrunarfræðing en hún vinnur hjá Landlækniseimbættinu í faghópi sem vinnur að sjálfsvígsforvörnum. Flutti hún erindi sem hún nefndi: Sjálfsvíg, forvarnir og eftirfylgd. Jólafundur FNS var haldinn 29. nóvember 2002 á Hótel Loftleiðum. Á fundinum kynntu Anna Valdimarsdóttir og Guðrún Sigfúsdóttir bækurnar: *Umkomulausi drengurinn* og *Leggðu rækt við ástina* sem hafa vakið verðskuldaða athygli. Eftir kaffihlé fjallaði Valgerður Snæland Jónsdóttir um HLÁTUR og hláturjoga. Gafst fundarmönnum tækifæri til að upplifa nokkrar hláturæfingar sem féllu í góðan jarðveg.

Fyrsti fræðslufundur ársins 2003 var haldinn 31. janúar í Tæknigarði. Dr. Sölvína Konráðsdóttir flutti útdrátt af framlagi sínu á ráðstefnu Unevoc í Canada (október 2002). Heiti erindisins var: Developing skills for the New Economy eða Samband manns og starfs í vinnuumhverfi hins nýja hagkerfis. Einnig útskýrði hún hvað Univoc stendur fyrir.

11. mars 2003 var næsti fundur haldinn í Menntaskólanum í Kópavogi (Hótel- og veitingaskólanum). Arnar Þorsteinsson námsráðgjafi í Ölduselsskóla sagði frá lokaverkefni sínu í námsráðgjöf: Eftir því sem þú leitar betur finnur þú fleiri og einnig MA-verkefni sínu: Ég man þegar ég hætti í skólanum; það var yndislegt en bæði þessi verkefni fjalla um félagslega einangrun unglinga og unglinga sem eru einir án þess að eiga í sérstökum hegðunarferfiðleikum eða útistöðum við jafningjahópinn. Eftir erindi Arnars kynntu tveir starfsmenn Hins Hússins, Margrét Gaua Magnúsdóttir og Björn Vilhjálmsson, Tótaráðgjöf, sem verið er að þróa í samvinnu við Leonardo. Lögðu þau sérstaka áherslu á gott samstarf við náms- og starfsráðgjafa. Bæði þessi erindi voru mjög áhugaverð og var fundurinn vel sóttur.

Eftir aðalfund 2003 mun fræðslunefnd bætast nýtt verkefni. Hún mun taka að sér umsjón með nýuppfærðri og endurnýjaðri heimasíðu félagsins.

Stjórn FNS vill þakka fræðslunefnd kærlega fyrir gríðarlega mikið og gott starf að fræðslumálum félagsmanna, námskeiðahaldi og við fréttaflutning með Skutlunni.

Heimasíða FNS

Stjórn ákvað á fundi í nóvember að fara í gagngerar endurbætur á heimasíðu FNS í þeim tilgangi fyrst og fremst að gera hana að virkum miðli í starfi og samskiptum náms- og starfsráðgjafa. Ákveðið var að færa umsjón með henni yfir til fræðslunefndar félagsins en áður hafði Anna Kristín Halldórsdóttir, fræðslustjóri hjá Samskip, haft það verkefni með höndum. Þakkar stjórn FNS Önnu Kristínu kærlega fyrir störf hennar að heimasíðumálefnum félagsins.

Leitað var tilboða í uppfærslu, nýtt útlit og nýtt kerfi fyrir heimasíðuna og tókust samningar við Veigar Frey Jökulsson hjá Tvíund, þeim hinum sama og hýsir lén FNS. Ný heimasíða mun líta dagsins ljós á aðalfundi félagsins í dag, 4. apríl 2003. Er það von stjórnar og fræðslunefndar að nú taki við nýir tímar hvað snertir gagnsemi og virkni heimasíðu FNS og mörg verkefni sem stuðla skulu að því eru í farvatninu.

Deild innan FNS stofnuð á Norðurlandi

Náms- og starfsráðgjafar á Norðurlandi stofnuðu deild innan FNS í upphafi ársins 2003. Svæðið var skilgreint frá Sauðárkróki til Þingeyjasýslna og eru þar starfandi um 15 náms- og starfsráðgjafar. Tilgangur með stofnun deildarinnar er fyrst og fremst sá að styðja við hvert annað í starfi, fræðast um það hvað aðrir eru að sýsla við og síðast en ekki síst að stuðla að aukinni endurmenntun og fræðslustarfi á Norðurlandi meðal félagsmanna. Einnig er það markmið deildarinnar að stuðla að fræðslu á svæðinu um verksvið náms- og starfsráðgjafa en þar virðist vera pottur brotinn enda ekki hefð fyrir því t.d. í grunnskólum á svæðinu að slíkir starfsmenn séu þar að störfum. Stigin hafa verið fyrstu skrefin, búið er að halda þrjá fundi og tveir eru fyrirhugaðir. Á fundunum hafa

félagsmenn rætt þau verkefni sem þeir eru að vinna að, kjaramál hafa borið á góma og félagsmenn hafa flutt stutt fræðsluerindi. Mikið hefur verið rætt um nauðsyn þess að hafa aðgang að fræðslufundum FNS fyrir norðan. Fer “Norðandeildin” þess á leit við stjórn félagsins að fundnar séu leiðir til að halda fræðslufundi á vegum félagsins þar sem aðgangur er að fjarfundabúnaði. Einnig hefur sá möguleiki verið ræddur að hægt væri að halda samskonar fundi og félagið stendur fyrir á höfuðborgarsvæðinu fyrir norðan með styrk frá FNS eða að deildin gæti haldið sína eigin fræðslufundi þar sem við útveguðum fyrirlesara af svæðinu. Slíkum fundum yrði hægt að varpa út um land í gegnum fjarfundabúnað á sama hátt

Stjórn og fræðslunefnd FNS óskar félagsmönnum á Norðurlandi til hamingju með stofnun deildarinnar og fagnar þessu frumkvæði norðanmanna og mun gera sitt til að verða við óskum hennar. Aðalfundi FNS 2003 verður varpað norður og austur með fjarfundabúnaði og markar vonandi upphaf frekari notkunar á þessari tækni í þágu félagsmanna .

Norræn samtök náms- og starfsráðgjafa -Skýrsla fulltrúa

Fulltrúar Félags náms- og starfsráðgjafa í stjórn Norrænna náms- og starfsráðgjafa NSNS eru: Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Kennaraháskóla Íslands og Guðrún Stefánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Menntaskólans á Ísafirði. Hlutverk fulltrúa er að mæta á fundi hjá stjórn félagsins og upplýsa félagsmenn um það sem er á döfinni hverju sinni. Fulltrúum ber einnig að upplýsa stjórn Norrænu samtakanna um starfsemi FNS. Stjórnarfundur var haldinn í Færeyjum 12. ágúst 2002. Á fundinum mættu fulltrúar Norðurlanda utan fulltrúa frá Noregi og Álandseyjum. Stjórnarfundurinn var haldinn í Færeyjum í tengslum við ráðstefnuna Vejledning í livslangt perspektív 12.-15. ágúst. Var ráðstefnan vel sótt af Íslendingum sem öðrum Norðurlandabúum og tókst afar vel (fskj.nr.8).

Helstu niðurstöður fundarins voru samþykkt stjórnar um að senda yfirlýsingu til að leggja áherslu á góð tengsl milli NFA, Nordens Folklige Akademi og Norrænna samtaka náms- og starfsráðgjafa. Þessi samþykkt er gerð í kjölfar þess að heyrst hefur að framtíð NFA sé ótrygg. Sjá slóðina www.nfa.se

Á fundinum var einnig samþykkt hækkun árgjalda þannig að gjald fyrir hvern félagsmann verður 1E (evra). Ísland var beðið um að tilnefna einn fyrirlesara á ráðstefnu, 24. – 26. apríl 2003. Methods for Lifelong Guidance. Eftir að leitað hafði verið til félagsmanna tók stjórnin ákvörðun um að bjóða Toby Herman að halda fyrirlestur um handleiðslu á ráðstefnunni og hefur Toby þekkt boðið.

Í tengslum við ráðstefnuna verður haldinn stjórnarfundur, laugardaginn 26. apríl. Árið 2004 verður haldin ráðstefna í Noregi. Efni ráðstefnunnar verður ákveðið á fundinum í Gautaborg.

Árið 2006 er gert ráð fyrir að Norðurlönd standi fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á vegum IAEVG. Danir eru þá í forsvari fyrir Norðurlöndin og munu taka að sér að standa fyrir ráðstefnunni.

Pétur Plant, sem verið hefur varaformaður alþjóðlegu samtaka náms- og starfsráðgjafa hefur lýst yfir áhuga á að vera fulltrúi Norðurlanda í komandi kosningum til IAEVG (Bern 2003) Stjórnin samþykkti að mæla með Pétri.

Umræða varð í stjórn um að Norræn samtök náms- og starfsráðgjafa styddu baltnesku löndin þar sem ráðgjöf er skemmra á veg komin. Stjórnin samþykkti að fela Karen Asplund, Heli Piikkila og Grete Kern-Jespersen að huga betur að þessu verkefni og byrja á því að mynda tengsl við einstaklinga. Nú hefur verið ákveðið að frumkvæði að samstarfi verði að koma frá baltnesku þjóðunum.

International Association for Educational and Vocational Guidance IAEVG mun halda ráðstefnu í Bern í Sviss í byrjun september allar upplýsingar um ráðstefnuna má nálgast á www.aiosp-berne.ch

Fulltrúi stjórnar í samtökum Norrænna náms- og starfsráðgjafa, Anna Sigurðardóttir, er tilbúin til að halda starfinu áfram og leggur áherslu á virka þátttöku í undirbúningi að komandi ráðstefnum. Stjórn FNS þakkar þeim Guðrúnu og Önnu kærlega fyrir starf þeirra með norrænu samstarfsfélögum.

Styrkir til FNS

Menntamálaráðuneytið veitti FNS styrk vegna þátttöku félagsins í Viku símenntunar að upphæð kr. 200.000. Upphæðin var ætluð til uppsetningar ráðgjafarmiðstöðvar í Smáralind á fræðsludegi Viku símenntunar. Jafnframt veitti Fræðslu- og menningarsvið Kópavogsbæjar FNS styrk sama málefnið að upphæð kr. 50.000.

Samtarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara veitti FNS styrk að upphæð kr. 200.000 til námskeiðsins Ráðgjöf og fjölmennung sem haldið var í Viðey dagana 17. –18. október s.l. Styrkurinn var áætlaður sem niðurgreiðsla námskeiðsgjalds fyrir 20 námsráðgjafa á framhaldsskólastigi.

Verkefna- og námsstyrkjasjóður Kennarasambands Íslands veitti FNS styrk að upphæð kr. 200.000 vegna kostnaðar við námskeiðið Ráðgjöf og fjölmennung.

Samkvæmt samningi FNS og menntamálaráðuneytis frá 31. október 2001 leggur ráðuneytið félaginu til fé sem jafngildir einum meðal mánaðarlaunum. Hefur þessi upphæð verið greidd til félagsins og það staðið skil á sínum hluta samningsins, þ.e.a.s. að skila til ráðuneytisins skýrslu um störf félagsins og sinna umsögnum um styrkbeiðnir til námsefnisgerðar. Upphæðin að þessu sinni var kr. 216.027. Tæpur helmingur styrkfjárhæðar menntamálaráðuneytisins er styrkur til formanns, kr. 100.000. Uppfærsla á heimasíðu FNS var fjármögnuð af eftirstöðvum áðurnefndra styrkja frá KÍ, menntamálaráðuneyti og Kópavogsbæ. Um frekari sundurliðun á nýtingu styrkja til FNS er vísað í fylgiskjal 9 frá gjaldkera.

Önnur verkefni

Nefnd um forvarnir gegn sjálfsvígum á vegum Landlæknisembættisins.

Stjórn FNS fór þess á leit við Ágústu Inghórsdóttur að taka sæti í nefnd á vegum Landlæknisembættisins um forvarnir gegn sjálfsvígum. Tók Ágústa við af Ólöfu Helgu Þór sem fór utan. Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur veitir forstöðu sjálfsvígsvarnateymi landlæknisembættisins og auk þeirra eiga sæti í nefndinni þrír geðlæknar, einn heimilislæknir, sálfræðingur, starfsmaður landlæknisembættis og félagsþjónusta. Meginmarkmiðið er að koma á öflugum forvörnum gegn sjálfsvígum undir formerkjum þunglyndis og sjálfsvígsatferlis. Stefnt er að fræðslu fyrir starfsfólk heilsugæslu, skóla, félagsþjónustu, kirkju og lögreglu á landsvísi til að ná fram öflugum samstarfi í þjóðfélaginu og vitundarvakningu. Byrjað verður með fræðsluna á þremur stöðum, þ.e. í Grafarvogi, á Húsavík og Selfossi. Nefndin hefur hist reglulega á hálfmánaðar fresti og fyrsta heimsókn hennar verður til Húsavíkur 7. maí. Stjórn FNS þakkar Ágústu kærlega fyrir störf hennar fyrir félagið..

Lýðræðisleg gildi í skólastarfi

Stjórn FNS fékk boð menntamálaráðuneytis um að senda 4 fulltrúa félagsins á ráðstefnuna um *Lýðræðisleg gildi í skólastarfi* sem haldin var 19. september s.l. Var ráðstefnan jafnframt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar vegna 50 ára afmælis hennar. Yfirskrift hennar var: „*Lýðræði í skólastarfi. Gildismat í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum*”. Auk þess var félaginu boðið að leggja fram kynningarefni um stefnu sína og áherslur um gildi í skólastarfi, störf og starfsvettvang náms- og starfsráðgjafa. Var það boð þegið, að sjálfsgöðu. Þess skal jafnframt getið að Guðrún Kristinsdóttir, námsráðgjafi í Artúnsskóla og meðlimur í fræðslunefnd félagsins hélt erindi á ráðstefnunni sem hún kallaði „*Lífsleikni í aðalnámskrám*”. Þar greindi hún m.a. frá þróunarverkefni í lífsleikni sem hún ásamt fleirum unnu að í skólanum en það var jafnframt valið til frekari kynningar á Norðurlöndum.

Síma- og viðtalstími FNS í Kennarahúsinu

Í stjórn í vetur kom upp umræða um möguleika þess að FNS fengi aðstöðu í Kennarahúsinu einu sinni í viku fyrir síma- og viðtalstíma fyrir félagsmenn og aðra þá sem leita þyrftu til félagsins. Eins var litið á þetta sem lið í að efla samstarf við KÍ og auka sýnileika félagsins. Skrifstofustjóri og formaður KÍ tóku báðir mjög vel í þessa beiðni stjórnar og urðu mánudagar fyrir valinu á milli kl. 14:30 og 16:00. Auglýst verður á heimasíðu FNS hvenær þessi þjónusta fer í gang.

Staða mála við stöðlun og útgáfu SDS/ LSS áhugakönnunar Holland.

Námsmatsstofnun hefur nú tekið að sér áframhaldandi vinnu við stöðlun og útgáfu SDS/LSS og er sú vinna komin vel áleiðis. Þetta verður fyrsta áhugakönnunin sem stöðluð er hérlandis og hefur Námsmatsstofnun leitað eftir liðsinni félagsmanna FNS varðandi fyrirlögn og annað.

Námsefnisnefnd menntamálaráðuneytisins

óskaði umsagnar FNS um umsóknir um styrki til námsefnisgerðar í lífsleikni á framhaldsskólastigi. Umsóknirnar voru alls 13 talsins og tóku þær Ragnheiður Bóasdóttir í FÁ, Magnea Ingólfsdóttir í MK, Inga Þóra Ingadóttir í IH og Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir í Flensborg að sér að yfirfara umsóknir og gefa umsagnir. Þakkar stjórn þeim fyrir verkið.

Lokaorð

Verkefni s.l. starfsárs voru mörg, bæði umfangsmikil og tímafrek, og sér ekki fyrir endann á þeim öllum enn. Sérstaklega langar mig til að geta umfangsmikillar þátttöku FNS í Viku símenntunar og eftirminnilegrar og vel heppnaðrar námsstefnu FNS í Viðey í samstarfi við Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf. Stjórn og fræðslunefnd hefur verið önnum kafin allt þetta starfsár, eins og sjá má við yfirllestur ársskýrslunnar, en það segir aðeins hálfu söguna. Mjög margir félagsmenn utan stjórnar- og fræðslunefndar, lögðu hönd á plóg fyrir félagið og brugðist einstaklega vel við beiðni um að taka að sér hin marbreytilegustu störf eins og tíundað hefur verið hér að ofan. Tel ég það fullvíst að okkar fámenna félag, sem þó fer ört vaxandi, státi af mjög háu hlutfalli virkra og afkastamikilla félagsmanna. Þeim þakka ég sérstaklega fyrir mikið og óeigingjarnt starf og þann dýrmæta tíma sem þeir lögðu af mörkum í þágu félagsmanna allra.

Því öfluga samstarfsfólki, sem unnið hefur með mér í stjórn og fræðslunefnd, þakka ég fyrir einstaklega gott og árangursríkt samstarf. Ragnheiði Bóasdóttur, fráfarandi varaformanni og Mariu Dóru Björnsdóttur, fráfarandi gjaldkera, þakka ég kærlega fyrir þeirra stjórnarstarf, mikið og gefandi samstarf og óska alls velfarnaðar. Fráfarandi endurskoðanda FNS til margra ára, Bjarna Guðlaugssyni eru einnig færðar kærar þakkir fyrir hans störf og trúmennsku hans við félagið.

Það hefur verið í mörg horn að líta og jafnframt ljóst að framundan eru enn fleiri mikilvæg og ögrandi verkefni, bæði stór og smá, sem þarfnast úrlausna náms- og starfsráðgjafa. Rafræn ráðgjöf verður eitt af stóru málunum á næstunni, undirbúningur að stofnun almennrar ráðgjafarmiðstöðvar í náms- og starfsráðgjöf er annað. Þörfin fyrir náms- og starfsráðgjöf fer hratt vaxandi, bæði í skólakerfinu og í atvinnulífinu almennt. Opinberir aðilar, sem og þeir í einkageiranum, gera sér sífellt betri grein fyrir mikilvægi starfa okkar. Framfarir hafa orðið og þróun í menntunarmálum okkar og hillir nú loks undir nám til meistaraþráðu í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Fjarnám í náms- og starfsráðgjöf er öflug viðbót og nauðsynleg. Þetta er vonandi aðeins upphafið að enn frekari landvinningum á sviði náms- og starfsráðgjafar á Íslandi í allra þágu.

Ég þakka ykkur öllum, góðir félagsmenn, fyrir samstarfið og hlakka til að efla það með áframhaldandi verkefnum í náms- og starfsráðgjöf. Framundan eru spennandi tímar á þessum vettvangi sem aldrei fyrr.

Reykjavík 3. apríl 2003

Svandís Ingimundar,
formaður Félags náms- og starfsráðgjafa.

